



Samstarfssamningur Mosfellsbæjar og Hestamannafélags Harðar

Mosfellsbær kt. 470269-5969 og Hestamannafélagið Hörður kt. 650169-4259, gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

1. grein

Tilgangur og markmið samningsaðila

Meginmarkmið samningsaðila er að leitast við að tryggja öflugt og fjölbreytt íþróttastarf í Mosfellsbæ.

Hestamannafélagið Hörður skal hafa það að markmiði í starfsemi sinni að bjóða börnum og unglingum skipulagt íþróttastarf undir leiðsögn menntaðra og hæfra leiðbeinenda þar sem forvarnargildi íþróttar er haft að leiðarljósi. Samhliða að leitast við að hlúa að keppnis- og afreksíþróttafólki þannig að það náð sem bestum árangri.

Mosfellsbær mun styðja fjárhagslegan rekstrar- og starfsgrundvöll félagsins með samkomulagi um afnot íþróttamannvirkja og beinum fjárframlögum.

2. grein

Framlög Mosfellsbæjar

Mosfellsbær skal greiða Hestamannafélaginu Herði árleg fjárframlög og skal félagið ráðstafa þeim á eftirfarandi hátt til starfsemi félagsins:

4.402.760.- kr. Framlag til barna- og unglingastarfs

Framlaginu skal verja til barna- og unglingastarfs félagsins. Framlag hvers árs tekur mið af breytingum á launavísitölu útgefinni í nóvember árið áður, auk 3% hækkunar á ári til að mæta væntanlegri fjölgun iðkenda. Gera skal grein fyrir hvernig framlaginu er varið í reglulegum skýrslum til Mosfellsbæjar

Kort í líkamsrækt Framlag til afreksþjálfunar

Mosfellsbær lætur félaginu í té 10 árskort í líkamsræktarstöðvar í íþróttamiðstöðinni að Varmá. Markmið þessa er að tryggja sérhæfða styrktarþjálfunar fyrir afreksíþróttafólk félagsins.

660.414.- kr. Framlag til afreks- og styrktarsjóðs

Framlaginu skal verja til að styðja almennt við afreksfólk innan Harðar, vegna þátttöku á æfingum eða keppni með landsliði innan sérsambanda ÍSÍ og öðrum líkum verkefnum. Einnig að veita þjálfurum og leiðbeinendum félagsins styrk til að efla þá í starfi. Framlag hvers árs tekur mið af breytingum á launavísitölu útgefinni í nóvember árið áður, auk 3% á ári til að mæta væntanlegri fjölgun iðkenda. Gera skal grein fyrir hvernig framlaginu er varið í reglulegum skýrslum til Mosfellsbæjar

6.229.358.- kr. Afnot af eigin íþróttamannvirkjum

Reiknað framlag Mosfellsbæjar vegna afnota Hestamannafélagsins Harðar af eigin íþróttamannvirkjum til æfinga fyrir börn og unglinga félagsins. Þetta tekur til reiðhalla, félagsheimilis og reiðvalla. Framlag hvers árs tekur mið af breytingum á byggingarvísitölu

útgefinni í nóvember árið áður, til að mæta væntanlegri fjölgun iðkenda. Gera skal grein fyrir hvernig framlaginu er varið í reglulegum skýrslum til Mosfellsbæjar

Framlag til greiðslu fasteignagjalda vegna fasteigna í eigu Harðar

Á hverju ári samningstímans skal Mosfellsbær veita Herði fjárframlag til greiðslu fasteignagjalda af fasteignum sem eru í eigu félagsins og eru nýttar sem slíkar.

Framlag til sumarstarfa

Vegna sumarverkefna félagsins greiðir Mosfellsbær árlega fjárhæð sem nemur 3 stöðugildum (140 stundum á hvert stöðugildi) í launaflokki 116 samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar. Stjórn félagsins ákveður hvernig fjármagninu er ráðstafað innan félagsins.

Framlag frá Vinnuskóla Mosfellsbæjar.

Á sumrin nýtur félagið starfskrafta frá Vinnuskóla Mosfellsbæjar, en sækja skal um það 1. apríl ár hvert. Á hverju árið er metin þörf félagsins til starfskrafta og geta bæjarins til að mæta óskum þess.

3. grein

Greiðslur

Framlög eru greidd í tveimur jöfnum greiðslum 1. janúar og 1. júní ár hvert. Greiðslur taka mið af breytingum á launavísitölu útgefinni í nóvember árið áður, Gera þarf grein fyrir hvernig framlögin eru nýtt í skýrslum til Mosfellsbæjar þegar að eftir því er leitað. Öll framlög til félagsins verða gerð sýnileg á vef bæjarins auk árshlutauppgjöra Harðar þegar þau liggja fyrir.

Félagið skal senda Mosfellsbæ reikninga fyrir fjárframlögum skv. 2. grein. Dagsetning reiknings skal vera 1. dagur þess mánaðar sem kveðið er á um greiðslu framlagsins. Mosfellsbær áskilur sér 2 vikur til úrvinnslu reiknings áður en hann er greiddur. Reikningar eru greiddir inn á þann bankareikning félagsins sem tilgreindur er á innsendum reikningi. Félaginu er óheimilt að veðsetja eða ávísá greiðslum skv. samstarfssamningi þessum til þriðja aðila.

Árlegar greiðslufjárhæðir eru ákvarðaðar með fyrirvara um fjárheimildir í árlegri fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar.

4. grein

Samskipti samningsaðila

Stjórn Harðar tryggir að erindi til Mosfellsbæjar fari um stjórn félagsins.

Íþróttá- og tómsfundanefnd Mosfellsbæjar kemur fram fyrir hönd bæjarins varðandi framkvæmd samningsins.

Íþróttafulltrúi Mosfellsbæjar annast dagleg samskipti við Hörð vegna samningsins.

Formaður Harðar kemur fram fyrir hönd félagsins við Mosfellsbæ varðandi dagleg samskipti og nánari framkvæmd samningsins.

Íþróttá- og tómsfundanefnd fundar einu sinni á ári með fulltrúum Harðar.

5. grein

Ábyrgð stjórnar Harðar og upplýsingaskylda til Mosfellsbæjar

Stjórn Harðar ber ábyrgð á rekstri og fjármálastjórn félagsins og tryggir að bókhald sé reglulega og réttilega fært. Í áætlunum fyrir næsta ár skal aðgreina rekstur unglingsstarfs frá öðrum rekstri og þurfa áætlanir að liggja fyrir 31. desember ár hvert.

Stjórn Harðar skuldbindur sig til að leggja fram gögn til Mosfellsbæjar um fjárhagsleg málefni félagsins svo og fjölda, aldur og kyn barna- og unglinga þegar eftir því er leitað. Gögnin verða hluti upplýsinga sem birtar verða á vef bæjarins um hvernig fjármunum sveitarfélagsins er varið. Allir styrkir og framlög Mosfellsbæjar greiðast til stjórnar sem annast ráðstöfun greiðslna í samræmi við samninginn.

Samkomulag er um að félagið leitist við að hækka ekki félagsgjöld sín umfram hækkun launavísitölu á samningstímanum.

6. grein

Mosfellsbær áskilur sér rétt til að skilyrða allar fjárveitingar til íþróttá- og tómstundafélaga, að þau setji sér siðareglur, viðbragðs- og aðgerðaráætlun í tengslum við þær og skulu félagin fræða starfsfólk sitt um kynferðislega áreitni/ofbeldi og hvers konar annað ofbeldi. Einnig skal félagið stofna og/eða hafa aðgang að óháðu fagráði sem tekur á móti ábendingum og kvörtunum iðkenda og ábyrgðaraðila. Félagin skulu sýna fram á að farið sé eftir jafnréttisáætlunum og jafnréttislögum í starfi og aðgerðaráætlun þar sé skýr. Hafi félagið ekki gert jafnréttisáætlun með aðgerðaráætlun skal það gert.


7. grein

Endurskoðunarákvæði og gildistími

Samningurinn gildir frá 01.01.2018 til 31.12.2021 og fellur þá úr gildi án uppsagnar. Fyrir 1. júní 2021 skulu samningsaðilar endurskoða samninginn með það að markmiði að nýr samningur taki gildi í upphafi árs 2022.

Mosfellsbær 14. júní 2018

F.h. Mosfellsbæjar



Haraldur Sverrisson
bæjarstjóri

F.h. Hestamannafélagsins Harðar



Hákon Hákonarson
formaður